

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 48 10. júní 1920.

96

19. júní

Í 6. gr. hafnarreglugerðarinnar í stað setningarinnar „Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð 200 m frá landi út á Pollinn“, komi: Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð innan takmarka hafnarinnar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 8. nóvember 1915 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði.

97

19. júní

1. gr.

Sölubúðum í Hafnarfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðd. og þær ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag, nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársgangur skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd. og laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 4 síðd. Fjórða síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 á miðnætti.

Á tímabilinu frá 1. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h., enn fremur á tímabilinu frá 15. september til 30. apríl skal loka á laugardögum eigi síðar en kl. 4 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli í lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 og kl. 7 síðdegis (föstud.) og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágúst mánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. des. skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undantekning vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almenn-

97 um helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. des. frá kl. 8 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri. Þó er brauðabúðum í brauðgerðarhúsunum sjálfum og brauða- og mjólkurbúð Mjólkurbús Hafnarfjarðar heimilt að hafa opið til kl. 4 síðdegis á sunnudögum og til kl. 4 síðdegis á laugardögum frá 1. maí til 14. sept. og aðra virka daga til kl. 7 síðdegis.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða, nema sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hvers konar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Hafnarfirði, skal eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára $7\frac{1}{2}$ klst. á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri 9 klst. á dag.

8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúða, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkutímum eftir lokunartíma.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

11. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og er jafnframt úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 59 7. júní 1937, ásamt breytingu á þeirri samþykkt, nr. 207 10. nóv. 1939.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.